

Selfossi 8.júlí 2026

**Erindi til Flóahrepps, Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar er varðar salernismál í Reykjaréttum.**

Um réttarhelgina ár hvert er sterk hefð hjá mjög mörgum íbúum í sveitarfélögunum að sækja Reykjaréttir heim auk töluverðs fjölda ferðamanna sem koma ár hvert. Í nútíma samfélagi er nauðsynlegt að vera með salernisaðstöðu þar sem slíkur fjöldi fólks kemur saman og ekki boðlegt annað en að bjóða upp á slíka aðstöðu. Afréttamálafélag Flóa og Skeiða hefur undanfarin misseri leigt salernisgáma og alltaf staðið þungann af þeim kostnaði sjálf, en í því liggur töluverður kostnaður fyrir félagið. En kostnaður við leigu á gámunum hefur s.l. ár verið um 275.000 pr.ár.

Stjórn Afréttamálafélags Flóa- og Skeiða óskar eftir fjárhagslegum stuðningi frá sveitarfélögunum, Flóahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Sveitarfélaginu Árborg vegna salernismála í Reykjaréttum. Óskað er eftir fjárframlagi frá sveitarfélögunum um kr. 300.000 á ári til að standa undir framangreindum kostnaði.

Virðingarfyllst,



Steindór Guðmundsson

F.h. Afréttamálafélags Flóa og Skeiða